

Líf og list



Umsjón: Illugi Jökulsson

FÆREYSK KYNNING Í NORRÆNA HÚSINU

I tilefni norræna málaársins hefur Norræna félagið beitt sér fyrir kynningu á grantungum okkar.



Hjörtur Pálsson er formaður íslensku málaársnefndarinnar.

Nú á laugardag 12. þ.m. er efnt til kynningar á færøysku í Norræna húsinu kl. 16.00. Þar flytur Hjörtur Pálsson dagskrárstjóri ávarp, en hann er starfandi formaður íslensku málaársnefndarinnar.

Þá flytur Stefán Karlsson, handritafræðingur stutt erindi um færøyskt mál, Vésteinn Ólafsson, lektor fjallar um færøyska sagnadansa. Rubek Rubeksen, færøyskur háskólanemi talar um upphaf færøyskra nútímabókmennta. Þá verður stígninn færøyskur dans.

Allir eru velkomnir á þennan fund meðan húsrúm leyfir.

Norræna húsið efnir til sýningar á færøyskum bókum í bókasafni sínu og verður hún öllum opin.

(Fréttatilkynning)



Viveca Lindfors, Nina van Pallandt, Dennis Christopher og Amy Stryker í hlutverkum sínum í „Brúðkaupsveislu“.

Veisla undir vandamálabing

kvikmyndir



Sólveig K. Jónsdóttir skrifar

Nýja bló: Brúðkaupsveisla. Leikstjóri: Robert Altman. Handrit: John Considine, Patricia Resnic, Allan Nichols og Robert Altman. Myndataka: Charles Rosher. Aðalhlutverk: Carol Burnett, Geraldine Chaplin, Mia Farrow, Vittorio Gassman, Lillian Gish o.fl.

Ýmislegt getur gerst í brúðkaupi þar sem gestirnir hafa misliitt mjög í pokahorninu. Mynd Roberts Altmans, „Brúðkaupsveisla“, fjallar um brúðkaup Dínós Corelli, af gömlum bandarískum suðurrikjættum og Muffin Brenner, dóttur vörubílstóra, sem auðgast hefur mjög á vöruflutningum. Ekkert er til sparað svo brúðkaupið megi verða sem eftirminnilegast og glæsilegast. Ungu fólkid er gefið saman af gömlum biskup, en hann reynist nærri elliaer og tæpast þess umkominn að framkvæma hjónavígslu. Miklum fjölda gesta hefur verið búið til brúðkaupsins, en fáir láta sjá sig. Fjölskyldur brúðhjón-

anna eru þó nógu stórar til að allfjölmennt verður í veislunni. Fljótlega eru margar blikur á lofti þegar önnur fjölskyldumál verða ofar á baugi en brúðkaupið.

Undir glæstu yfirborði brúðkaupsveislunnar kemur sitt af hverju í ljós. Líf flestra meðlima Corelli og Brenner fjöl-

Einkunn
8,0

skyldnanna er lítið annað en leiksýning þar sem lífið að tjaldabaki er jafn aumlegt og sýningin sjálf er glæsileg. Læknir Corellifjölskyldunnar er t.d. kallaður til að líta á ýmsa af veislugestum en það eina sem hann gerir er að gefa róandi eða örvandi lyf með þeim árangri að Regina móðir brúðgumans og Ingrid matseija svifa um veislu-

salina og taka lítið tillit til þess sem fram fer. Það er táknrænt fyrir líf þess fólks sem myndin fjallar um að á meðan veislan varir liggur lík í einu herbergi hússins, amma brúðgumans deyr um það leyti, sem veislan er að hefjast.

Í „Brúðkaupsveislu“ koma tugir persóna við sögu og nær allir byggja líf sitt á lygi eða misskilningi. Þessi fjöldi persóna gæti virst óþarfur, en hann getur líka fengið áhorfendur til að huga hvort þeir tilheyri þeim stóra hóp sem líkt er ástatt um og gesti „Brúðkaupsveislu“. „Brúðkaupsveisla“ er skemmtileg, skörp og vel gerð ádeila þar sem öllu gamni fylgir nokkur alvara. Altman tekst vel að minna á að jörðin er hótél og lífið því miður oft einna líkast brúðkaupsveislu. Óhætt er að hvetja til þess að sem fæstir láti „Brúðkaupsveislu“ framhjá sér fara.

— SKJ



Fræbbblarnir eru ein þeirra hljómsveita sem spila á hljótleikum í Félagsheimili Kópavogs.

HEILBRIGÐ ÆSKA Á TÓNLEIKUM Í KÓPAVOGI

„Heilbrigð æska“ er yfirskrift hljótleika sem haldnir verða á morgun klukkan tvö í Félagsheimili Kópavogs. Þar koma fram fjórar hljómsveitir, skipaðar ungum tónlistarmönnum.

Fyrst spila Dordinglar, þá

Judah, síðan Bubbi Morthens og loks Fræbbblarnir. Þarna eru ungrir og vafalítið efnilegir tónlistarmenn á ferðinni og aðgöngumíðaverði er mjög stíllt í hóf, 1500 krónur.

TÓNLEIKAR

Arnesingakórinn í Reykjavík og Samkór Selfoss halda tónleika í Bústaðakirkju kl. 5 á morgun, stjórnandi Samkórsins er Björg-

vin Þ. Valdimarsson og einleikari Geirprúður Bogadóttir, en Arnesingakórsins Helga Gunnarsdóttir. Föstudaginn næsta verða svo tónleikar í Röst Hellissandi á sama tíma. Lýkur þar með vetrarstarfinu.



Ekkert íslenskt leikrit hefur verið sýnt jafnoft í Þjóðleikhúsinu og Stundarfríður eftir Guðmund Steinson.

STUNDAFRÍÐUR LOKS ÚTI . . .

Þá er Stundarfríður úti. Síðasta sýning á þessu geysivinsæla leikriti Guðmundar Steinsonar verður annað kvöld og hefur verkið slegið öll aðsóknarmet í Þjóðleikhúsinu.

EKKI einasta Íslendingar virðast hrifnir: Jógólavarr hafa

búið hópnum sem leikritið leikur á hina frægu BITEF-leiklistarhátíð sem fer fram í haust.

Leikstjóri verksins er Stefán Baldursson en leikmynd gerði Þórunn Sigríður Þorgrímsdóttir. Í helstu hlutverkum eru

Kristbjörg Kjeld, Helgi Skúlason, Sigurður Sigurjónsson, Guðrún Gísladóttir Lilja Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir og Þorsteinn Ó Stephensen.

Það er því eins og venjulega: nú fer hver að verða síðastur..

NORRÆNN VEFNAÐUR TIL SÝNIS AÐ KJARVALSSTÖÐUM

Sýningin Norræn vefjarlist II verður opnuð að Kjarvalsstöðum á laugardaginn kemur. Þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi, fyrri sýningin var einnig að Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum.

Sýningin er ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndum og má rekja upphaf hennar til ársins 1974 þegar sett var upp umfangsmikil sýning í Danmörku. Kom hún m.a. til Íslands. Akveðið var að hafa hana á þriggja ára fresti og er nú sýning númer tvö á ferðinni, en hún var fyrst sett upp í Gautaborg í fyrrasumar. Sá háttur var á hafður að dómnefnd frá hverju landi valdi þau verk sem fóru á þessa sýningu og í íslensku dómnefndinni eiga sæti Hrafnhildur Schram, Hörður Agústsson og Magnús Pálsson. Alls eru á sýningunni 93 verk eftir 87 listamenn og kennir ýmissa grasa.

Fjöldi sjóða og stofnana styrkir sýninguna og er stærsti styrkurinn frá Norræna menningarsjóðnum rúmar 14 milljónir.

Sýningin verður opnuð kl. 2 á morgun og flytur Arni Gunnarsson formaður Menningarmála-

nefndar Norðurlanda ávarp og Ingvar Gíslason opnar síðan sýninguna en hann er menntamálaráðherra.

Tungl hjól sól allt nema nema staðar - heitir ljóðabók eftir Martin Götuskeggja

Þar kom að því! Út er komin ljóðabók eftir Martin Götuskeggja og heitir hún Tungl hjól sól allt nema nema staðar.

Eftirfarandi upplýsingar má finna um höfundinn á kápu bókarinnar: „Höfundur er fæddur og uppallinn, auk þess menntaður og hefur komið víða víð, en hvergi fest rætur, Hann les enn gleraugnalaust og er sámilega vel brennlaður.“

Bókin er myndskreitt af Guðrúnu Eddu og R. Crumb en höfundur gerði kápuskreytingu. Á saurbíði segir að bók þessi sé til einkuð A. Baader og S. Ciesielski.